

Mál nr 20/2017

Ár 2017, fimmtudaginn 14. desember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 20/2017

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 29. júní 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði X hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem tíkin var ekki með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 16. ágúst 2017 og honum gefinn frestur til 13. september til að skila inn andmælum. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærða send ítrekun með bréfi dagsettu 16. nóvember þar sem gefinn var viðbótarsvarfrestur til 23. nóvember. Kærði svaraði því ekki heldur og þar eð siðanefnd taldi útséð um að kærði myndi skýra sitt mál þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirbyggjandi gögnum frá skrifstofu HRFÍ.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 22.-26. febrúar 2017. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Tíkin er af hundakyninu Labrador retriever og er í eigu kærða. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærði hefur ekki haldið uppi vörnum í málinu né á neinn hátt reynt að koma fram með skýringar á málinu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Labrador retriever:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 1. nóvember 1999). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Vottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Tíkin hefur nú verið augnskoðuð og staðist skoðun. Það breytir þó ekki brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftirá, það var ekki fyrir séð.

Þar eð kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins þá telur siðanefnd hæfilegt að áminn kærða.

IV. Niðurstaða.

Kærði; X telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

f.h. siðanefndar

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Fjóla Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir